Garðabær, 19. mars 2014

Umsögn um drög að samræmdu skóladagatali leik- og grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2014-2015

Á fundi skólaráðs Garðaskóla sem haldinn var 19. mars 2014 lagði skólastjóri fram drög að skóladagatali næsta skólaárs sem unnin voru í samvinnu allra grunnskóla og leikskóla í Garðabæ.

Umsögn skólaráðs er að meðfylgjandi skóladagatal sé samþykkt. Skólaráð Garðaskóla vill þó halda til haga sjónarmiði kennara skólans að samræming skipulagsdaga í leik- og grunnskólum veldur því að tímasetning þeirra hentar í vissum tilvikum ekki því skipulagsstarfi sem þörf er á.

Fyrir hönd skólaráðs,

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

GARÐASKÓLI GARÐABÆ

Garðaskóli • v/Vífilsstaðaveg, 210 Garðabæ • Sími 590 2500 • Fax 590 2501
Netfang gardaskoli@gardaskoli.is • www.gardaskoli.is